

16. desember 2019

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir tengivirki á Eyvindará, Fljótsdalshéraði.

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir tengivirki á Eyvindará, Fljótsdalshéraði barst 11.6.2019. Umsækjandi er Landsnet hf. kt. 580804-2410.

Um er að ræða endurnýjun á starfsleyfi. Engar breytingar hafa orðið á staðsetningu eða starfsemi fyrirtækisins.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 15. október sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 13. nóvember 2019.

Þann 29. október sl. barst bréf frá Umhverfis- og framkvæmdanefnd Fljótsdalshéraðs en þar var tilkynnt að ekki væru gerðar athugasemdir við starfsleyfisdrög Landsnets hf.

Afstaða útgefanda starfsleyfis til athugasemda sem bárust

Þann 12. nóvember sl. bárust athugasemdir/umsögn frá umsóknaraðila vegna starfsleyfisdraganna. Breytingar voru gerðar á auglýstu starfsleyfi, þ.e. orðalagsbreytingar og tekið var tillit til athugasemda. Eftirfarandi breytingar voru gerðar:

1. „Aðveitustöð“ var breytt í „Tengivirki“.
2. 3. mgr., var bætt við í kafla 2.1. sem hljóðar svona:
“Sjálfvirkur sívöktunarbúnaður er á spennum, hann er tengdur við stjórnstöð Landsnets og lætur vita ef olía lækkar á spennum.”
3. 2. mgr., var tekin út í kafla 2.2. þar sem engin olíuskilja er tengd við fráveitu frá spennum:
“Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður.”

Starfsleyfi Landsnet hf. fyrir tengivirki á Eyvindará í Fljótsdalshéraði er hér með gefið út með fyrrnefndum breytingum.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svanbjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi